



**Ávarp forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
í hádegisverðarboði fyrir forsætisráðherra Finnlands  
Paavo Lipponen  
4. júní 1998**

Virðulegi forsætisráðherra Finnlands Paavo Lipponen  
Góðir gestir

Það er okkur Guðrúnu Katrín mikil ánægja að bjóða forsætisráðherra Finnlands og finnska gesti sérstaklega velkomna til borðs hér á Bessastöðum.

Við minnumst með gleði heimsóknar okkar til Finnlands síðastliðið haust og þeirra hlýju og vinarhugar sem við fundum hvarvetna.

Það er ánægjulegt að sjá hvernig samskipti Íslands og Finnlands eru að aukast jafnt og þétt. Ég minnst þess að í samræðum okkar í Helsinki, virðulegi forsætisráðherra, ræddum við um flugsamgöngur milli Íslands og Finnlands og hvernig þær gætu haft áhrif á að auka við straum ferðamanna og viðskiptafólks frá Bandaríkjunum og Kanada sem nýttu sér hið íslenska flugfélag til að sækja heim Finnland og fara frekar austur á boginn. Þannig gætu nýjungar í samskiptum milli landa okkar haft víðtæk efnahagsleg áhrif fyrir löndin bæði.

Það er ánægja að geta fagnað því hér í dag að þessar samgöngur hafa nú hafist og hafa greinilega reynst vel.

Ég hef einnig fylgst með því af athygli hvernig forsætisráðherrann, ríkisstjórn Finnlands og forseti Finnlands Martti Athisaari hafa lagt áherslu á hlutverk Norðurlanda, mikilvægi Norður-Evrópu og hinnar norðlægu víddar í pólitísku og efnahagslegu landslagi Evrópu á nýrri öld. Við fögnum því sérstaklega að Finnland ætli að nýta forsæti sitt í Evrópusambandinu til að vekja athygli á mikilvægi hins norðlæga hluta

álfunnar. Ég er sannfærður um að Norðurlönd geta í sameiningu á vettvangi hinna ýmsu evrópsku stofnanna, bæði efnahagsstofnanna og öryggisstofnanna, og einnig hinna nýju svæðasambanda gert sig mjög gildandi í mótun Evrópu á nýrri öld – Baltenskuráðsins, Barentsráðsins og Artickaráðsins..

Að mörgu leyti er það hagkvæm verkaskipting nú um þessar mundir að Finnland, Svíþjóð og Danmörk er í Evrópusambandinu en Ísland, Noregur og Danmörk í NATO og þannig geta löndin fimm haft margvísleg áhrif með samvinnu sín á milli og hagkvæmri verkaskiptingu.

Innan fárra daga munum við hjónin halda í opinbera heimsókn til Eystrasaltsríkjanna og er það fyrsta heimsókn forseta Íslands til þeirra landa. Eins og þér vitið, ágæti forsætisráðherra, studdu Íslendingar Eystrasaltsríkin mjög eindregið á örlagatímum í sjálfstæðisbaráttu þeirra ríkja og við teljum mjög mikilvægt að sá vegur vináttu sem ríkt hefur milli Norðurlanda nái einnig til vaxandi samvinnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna svo að saman geti ríkin átta fetað til móts við nýja öld.

Á hinu nýja sviði heimsálanna sem opnaðist smátt og smátt í kjölfar hins söguríka leiðtogafundar Reagans og Gorbachev hér í Reykjavík fyrir tæpum 12 árum síðan þá geta lýðveldin tvö innan hinnar norrænu fjölskyldu, Finnlandi í austri og Íslandi í vestri, gegnt margvíslegu áhrifahlutverki á komandi árum.

Við Íslendingar fögnum sérstaklega hinnum ríkulega vilja forsætisráðherrans og ríkisstjórnar Finnlands og sérstaklega forseta Finnlands á að efla þau tengsl. Ég hef kynnst viðhorfum Martti Athisaari í þessum efnum í margvíslegum viðræðum okkar og er sannfærðu að ríkur vilji til þess að efla enn frekar náin tengsl og samvinnu Finna og Íslendinga.

Um leið og við fögnum komu forsætisráðherra Finnlands til Íslands bið ég gesti að lyfta glösum til heiðurs forsætisráðherra Finnlands og vináttu landa okkar.